



Umboðsmaður
skuldara

Alþingi
Erindi nr. P 139/437
komudagur 26.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (200.mál)

Athugasemd við 3. gr. frumvarpsins:

Í frumvarpinu er sett fram sú breytingartillaga að til vaxtagjalda sem mynda stofn til vaxtabóta teljist einungis greiddir vextir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti. Þar með er tekið fyrir að vaxtabætur séu í einhverjum mæli greiddar til einstaklinga sem eru með lán í frystingu, þar sem vextir eru taldir gjaldfallnir þó svo að engin greiðsla hafi farið fram. Þá er lagt til að tekjutenging vaxtabóta verði 7% í stað 6% og að endanlega ákvarðaðar vaxtabætur verði skertar um 8% hjá öllum bótaþegum.

Umboðsmaður skuldara leggst alfarið gegn framangreindum breytingum sem leiða til skerðingar á greiðslu vaxtabóta. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu þá hafa staðið yfir viðræður milli stjórnvalda og ýmissa hagsmunaaðila um það hvaða leiðir séu færar til að ná betri tókum á þeim vanda sem nú blasir við heimilum í landinu. Í skýrslu sérfræðingahóps frá 10. nóvember sl. um skuldavanda heimilanna er fjallað um margs konar leiðir til að takast á við þennan vanda. Endanleg tillaga um lausn liggur ekki fyrir en umboðsmaður skuldara mælir engu að síður með þeirri tillögu að hækka vaxtabætur. Samkvæmt niðurstöðu sérfræðingahópsins er það sú leið sem er hagkvæmust, þ.e. ódýrust miðað við hversu mörgum verður bjargað úr greiðsluvanda. Með því móti er að hægt að mæta að einhverju leyti þeim mikla vanda sem fjölmörg heimili standa frammi fyrir. Þá hefur umboðsmaður skuldara bent á að hækking vaxtabóta geti veitt lágtekjufólki möguleika á að óska eftir sértækri skuldaaflögun, en úrræðið hentar einkum þeim heimilum sem hafa háar ráðstöfunartekjur.

Eftirfarandi dæmi lýsir hversu alvarlegar afleiðingar geta verið af breytingunum.

Dæmi (barnlaus hjón)

Barnlaus hjón tóku 100% verðtryggt lán í janúar árið 2005 til kaupa á fasteign að andvirði 21.000.000 kr. Í dag er fasteignin metin á 15.000.000 kr. og hefur því lækkað um 29% að nafnvirði. Heildartekjur hjónanna árið 2010 eru 4.320.000 kr. og gert er ráð fyrir að þær munu haldast óbreyttar árið 2011. Á árinu 2010 munu þau hljóta samtals vaxtabætur að virði 303.913 kr. eða sem nemur 18% af árlegri heildargreiðslubyrði þeirra af láninu.

Ef vilji löggjafans fær fram að ganga mun skerðingarhlutfall vegna tekna hækka úr 6% í 7% og jafnframt munu endanlega ákvarðaðar vaxtabætur skuldara lækka um 8%.

Sjá má í neðri hluta dæmisins hver áhrif breytingarinnar verða á hjónin miðað við mismunandi hækkunar verðlags á árinu 2011. Sjá má að ef verðbólga verður um 2% þá munu breytingarnar ekki hafa hlutfallslega neikvæð áhrif á stöðu hjónanna því greiðslubyrðin lækkar umtalsvert, úr 1.632.654 kr. í 1.229.465 kr. (um 25% lækkun), og er því hlutfall vaxtabóta, sem lækka úr 303.913 kr. í 260.784 kr. (um 14% lækkun), af greiðslubyrði um 21%. Hinsvegar ef verðbólga reynist 5% þá verður hlutfallið um 17%, og 14% ef verðbólga reynist 8%. Því má sjá að aukin skerðing, bæði tekjutengd og af endanlegum bóttum, mun koma harkalega niður á skuldurum eftir því sem verðlagshækkun verður meiri.

| | |
|-------------------------------|----------------|
| Tekjuskattsstofn ársins 2010: | 4.320.000 kr. |
| Fasteignarmat nú: | 15.000.000 kr. |

Verðtryggt jafngreiðslulán

| | |
|----------------|-----------------|
| Útgáfudagur: | 01.01.2005 |
| Vextir p.a.: | 4,15% |
| Greiðslutíðni: | ársfjórðungsleg |
| Lánstími: | 40 ár |
| Höfuðstóll: | 21.000.000 kr. |

| | |
|---|---------------|
| Heildargreiðslubyrði ársins 2010 : | 1.632.654 kr. |
| Vaxtagjöld ársins 2010: | 1.241.716 kr. |
| Vaxtabætur ársins 2010: | 303.913 kr. |
| Bætur sem hlutfall af heildargreiðslubyrði: | 18% |

| | |
|-------------------------------|---------------|
| Tekjuskattsstofn ársins 2011: | 4.320.000 kr. |
|-------------------------------|---------------|

| | |
|---|---------------|
| Verðbólguþá ársins 2011: | 2,0% |
| Heildargreiðslubyrði ársins 2011 : | 1.229.465 kr. |
| Vaxtagjöld ársins 2011: | 922.659 kr. |
| Vaxtabætur ársins 2011: | 260.784 kr. |
| Bætur sem hlutfall af heildargreiðslubyrði: | 21% |

| | |
|---|---------------|
| Verðbólguþá ársins 2011: | 5,0% |
| Heildargreiðslubyrði ársins 2011 : | 1.489.885 kr. |
| Vaxtagjöld ársins 2011: | 1.118.058 kr. |
| Vaxtabætur ársins 2011: | 260.784 kr. |
| Bætur sem hlutfall af heildargreiðslubyrði: | 17% |

| | |
|---|---------------|
| Verðbólguþá ársins 2011: | 8,0% |
| Heildargreiðslubyrði ársins 2011 : | 1.795.835 kr. |
| Vaxtagjöld ársins 2011: | 1.347.611 kr. |
| Vaxtabætur ársins 2011: | 260.784 kr. |
| Bætur sem hlutfall af heildargreiðslubyrði: | 14% |

Athugasemd við c. lið 6. gr. frumvarpsins:

Í hinu svokallaða gengislánafrumvarpi (206. mál) sem nú liggur til umræðu á Alþingi er lagðar til ákveðnar reglur við endurútreikning þeirra lána og samninga sem falla undir frumvarpið í kjölfar dóma Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september sl. Af þeim leiðir að skuldurum verður gert að sæta, í vissum tilfellum, hækkun á eftirstöðvum höfuðstóls eða gert að greiða bakreikning þrátt fyrir t.d. að krafa hafi talist uppgreidd. Umboðsmaður skuldara er alfarið mótfallinn slíkum afturvirkum áhrifum laganna sem leiða til viðbótarfjárútláta fyrir skuldara. Embættið hefur af þeim sökum skilað ítarlegri umsögn um frumvarpið til efnahags- og skattanefndar.

Umboðsmaður skuldara vill hins vegar benda á að ef vilji löggjafans fær fram að ganga um að beita afturvirkni við endurútreikning gengistryggðra lána m.v. 4. gr. laga nr. 38/2001 á vangreiðslur skuldara vegna ólögmetra vaxta og/eða verðtryggingar þannig að skuldarar fái bakreikning þá eigi þeir að njóta vaxtabóta skv. 68. gr. B laganna af þeim vaxtagjöldum er bakreikningurinn inniheldur.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara